

# LAGABREYTINGARTILLÖGUR

Yfirlit fyrir Skátaþing 2024



## Efnisyfirlit

<b>2. Grein - Félagsaðild að BÍS</b>	2
<b>14. Grein - Aðkoma fullorðinna að skástarfi</b>	3
<b>16. Grein - Ungmennaþing</b>	4
<b>17. Grein - Skátaþing</b>	6
<b>19. Grein - Uppstillingarnefnd</b>	7
<b>20. Grein - Réttur til setu á Skátaþingi</b>	8
<b>21. Grein - Dagskrá skátaþings</b>	11
<b>26. Grein - Fastaráð BÍS</b>	13
<b>29. Grein - Slit BÍS</b>	14
<b>21. Grein, 23. Grein, 26. Grein - Vegna ábendingar frá WOSM</b>	15



## 2. Grein – Félagsaðild að BÍS

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 2. grein um félagsaðild að BÍS.

### 2. GREIN – FÉLAGSAÐILD AÐ BÍS

Það er örlitið misræmi í aldursviðmiðum í upptalningu um aðild að BÍS. Í aðild B ætti að miða við þá sem eru eldri en 25 ára en í núverandi lögum er talað um þá sem eru eldri en 26 ára.

Að sama skapi er nýtt aldursbil, hrefnuskátar, að bætast við og því rétt að miða neðri aldursmörk við aldur þess.

#### Núverandi grein:

....  
Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A	Skátafélög með starf fyrir – og félaga á aldrinum 7 – 25 ára
Aðild B	Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 26 ára
Aðild C	Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS
Aðild D	Skátar með beina aðild að BÍS

....

#### Verður:

....  
Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A	Skátafélög með starf fyrir – og félaga á aldrinum 6 – 25 ára
Aðild B	Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 25 ára
Aðild C	Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS
Aðild D	Skátar með beina aðild að BÍS

....

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS



## 14. Grein - Aðkoma fullorðinna að skátastarfi

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 14. grein um aðkomu fullorðinna að skátastarfi.

### 14. GREIN - AÐKOMA FULLORÐINNA AÐ SKÁTASTARFI

Í 14. grein laga BÍS er fjallað um styrktarpinna BÍS. Styrktarpinninn hefur ekki verið í notkun í nokkur ár og eðlilegt að hans sé ekki getið sérstaklega í lögum.

#### Núverandi grein:

- ...
- C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.
- Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald **sem á hverjum tíma er jafnt því gjaldi er styrktarfélagar greiða fyrir styrktarpinna BÍS.**
  - Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.
- D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem **greiða styrktarpinna eða** styrkja BÍS fjárhagslega **með öðrum leiðum** en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. Eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

#### Verður:

- ...
- C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.
- Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald.
  - Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.
- D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem styrkja BÍS fjárhagslega en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. Eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS



## 16. Grein – Ungmennabing

Lagt er til eftirfarandi breytingar á 16. Grein um ungmennabing.

### 16. GREIN – UNGMENNAÞING

#### Núverandi grein:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennabings. Til Ungmennabings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennabing skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátabing ár hvert. Ungmennabing er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennabingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátabing ár hvert ásamt því að kjósa árlega **áheyrnafulltrúa ungmenna** í stjórn BÍS **og fulltrúa í ungmennaráð**.

Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er. Á Ungmennabingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennabing skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennabing er undanskilið því skilyrði að Ungmennabing skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátabing ár hvert.

#### Verður:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennabings. Til Ungmennabings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennabing skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátabing ár hvert. Ungmennabing er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða

þau sérstaklega. Á Ungmennabingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátabing ár hvert ásamt því að kjósa árlega **fulltrúa í ungmennaráð** **og áheyrnarfulltrúa ungmenna** í stjórn BÍS, **sem mætir á stjórnarfundi, hlustar og er með málfrelsi**. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennabingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennabing skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennabing er undanskilið því skilyrði að Ungmennabing skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátabing ár hvert.

#### Flutningsaðili:

Ungmennaráð



## Greinagerð:

Áheyrnafulltrúi ungmenna er ekki mjög lýsandi heiti yfir þetta hlutverk og lætur það hljóma eins og aðilinn megi ekki taka þátt á stjórnarfundum og eigi bara að fylgjast með, hins vegar fulltrúi ungmenna gefur betri lýsingu á því hvað þetta hlutverk felur í sér. Þessi breyting er í takt við upphaflega markmið áheyrnarfulltrúans sem er að einstaklingar yngri en 18 ára hafi tækifæri til að koma að stjórnarborðinu (þó að þau séu nú alltaf velkomin enda stjórnarfundir opnir).

Við vitum að áheyrnarfulltrúi ungmenna á í raun bara að sitja og hlusta á það sem

fer fram en stjórn BÍS býður áheyrnarfulltrúanum að tala því það er skemmtilegra og gagnlegra fyrir alla.



## 17. Grein – Skátabing

Lagt er til að eftirfarandi sé bætt við 2. mgr. 17 greinar og að lögjini taki strax gildi og gildi þannig um fundargerð Skátabings 2024.

### 17. GREIN - SKÁTABING

Skátabing fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátabings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal **tilgreina hvar og hvenær þingið fari fram**, til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Í fundarboði skal **tilgreina hvort rafræn þátttaka verði möguleg og hvort þau sem taka þátt rafrænt hafi málfrelni og tillögurétt eða atkvæðisrétt á þinginu**. Kosningaár skal fara fram á sléttu ártali.

Aukabing skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara.

Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

#### Greinagerð:

Í september 2023 hlaut Bandalag íslenskra skáta skráningu almannuheillafélags og barf þannig að lúta [lögum nr. 110/2021](#) en í 11. gr. um aðalfundarboð í IV. kafla þeirra laga segir.

“Aðalfundarboð.

Aðalfund skal boða eftir því sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins. Í fundarboði skal greina hvar og hvenær fundurinn verður haldinn.

Tekið skal fram í fundarboði eigi félagsmenn rétt á að taka þátt í fundinum á rafrænan hátt. Þess skal jafnframt getið verði tjáningarfrelsi þeirra sem þannig taka þátt takmarkað á einhvern hátt.

Málefnum skv. 10. gr. verður ekki ráðið til lykta á fundinum sé þeirra ekki getið í fundarboði.”

Með þessum breytingum er fest í lögum BÍS verklag til að uppfylla þessi skilyrði laganna.



## 19. Grein – Uppstillingarnefnd

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 19. grein um störf uppstillingarnefndar

### 19. GREIN - UPPSTILLINGARNEFND

Aðkoma uppstillingarnefndar varðandi Ungmennaþing er óskýr í núgildandi lögum og hefur nefndin óskað eftir því að hlutverk hennar og tímarammi sé gerður skýrari.

#### Núverandi grein:

...  
Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir **hvort þing**. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skáta- og Ungmennaþings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi tíu vikum fyrir Skátabing.

#### Verður:

...  
Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum **fyrir Skátabing en við setningu Ungmennaþings**. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skáta- og Ungmennaþings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi tíu vikum fyrir Skátabing **en þremur vikum fyrir Ungmennaþing**.

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS



## 20. Grein – Réttur til setu á Skátabingu

Lagt er til að nýrri málsgrein sé bætt við 20. Grein

### 20. GREIN – RÉTTUR TIL SETU Á SKÁTABINGI

Rétt til setu á Skátabingu eiga:

#### A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 13-25 ára. Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 13 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátabingu og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátabingu, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

#### B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátabings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátabingu og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátabings.

Fyrirkomulag atkvæðagreiðslu skal kynnt sérstaklega á hverju Skátabingu og er rafræn atkvæðagreiðsla heimiluð með þeim skilyrðum að fulltrúar með atkvæðisrétt þurfi að auðkenna sig með sannanlegum hætti en atkvæði séu ekki rekjanleg eftir að niðurstaða atkvæðagreiðslu liggur fyrir. Í atkvæðagreiðslu er ávallt í boði að skila auðu atkvæði.

...



## Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

### Greinagerð:

Í september 2023 hlaut Bandalag íslenskra skáta skráningu almannuheillafélags og þarf þannig að lúta [lögum nr. 110/2021](#) en í 3. mgr. 12. gr. um atkvæðisrétt félagsmanna í IV. kafla þeirra laga segir.

*“í samþykktum skal mæla fyrir um fyrirkomulag rafrænnar atkvæðagreiðslu, sé hún heimiluð.”*

Kosningar á Skátabingi hafa að mestu verið rafrænar í meira en áratug. Um tíma var stuðst við sérstakt kosningakerfi með fjarstýringum sem BÍS á, ókostur þess kerfis var há bilanatíðni sem lengdi oft atkvæðagreiðslu og rekjanleiki atkvæða til fjarstýringa. Í seinni tíð hefur verið stuðst við rafrænt kosningakerfi bæði frá Advania og erlent kerfi sem býður félagasamtökum fría notkun.

Með rafrænum kerfum hefur mátt stytta verulega þann tíma sem atkvæðagreiðsla og talning atkvæða tekur og þannig hefur skapast aukið rými á Skátabingum til annarra verkefna s.s. fyrir umræðuhópa, smiðjur og samráð þvert á landssamtökin um hin ýmsu málefni.

Skátamiðstöð hefur til þessa undirbúið fyrirkomulag atkvæðagreiðslu hverju sinni en fundarstjórar fá svo einnig að leggja lóð á vogarskálar þeirrar ákvörðunar. Erfitt er að festa í lögum eitt ákveðið kerfi til að nýta til rafrænnar kosningar en með þessu ákvæði eru sett viðmið við val slíks kerfis og Skátamiðstöð treyst fyrir verkefninu. Við kynningu getur Skátabing svo andmælt fyrirkomulaginu og þá þyrfti atkvæðagreiðsla að hverfa aftur til frumstæðara forms.

Akvæði eru í lögum BÍS um vissan hlut greiddra atkvæða og er oft álitamál hvaða atkvæði beri að telja upp í þá stærð. Kjörbréfanefnd úrskurðar í upphafi þings hve mörg atkvæði eru úthlutuð og eru þau bundin við þá fulltrúa sem tilgreindir eru í kjörbréfi félaga. Í hverri atkvæðagreiðslu getur fjöldi viðstaddir fulltrúa þó breyst, fólk getur skroppið frá, þurft að fara snemma og ýmislegt annað.

Fyrirkomulag atkvæðagreiðslu breytir síðan hvað teljast greidd atkvæði, með pappír t.d. hefur alltaf þurft að skila aftur öllum seðlum sem er úthlutað og þannig var í raun aldrei í boði að sitja hjá heldur bara að skila auðu. Undanfarin ár hefur hugtökunum skila auðu og sitja hjá verið slegið saman í eitt í rafrænni kosningu, en munurinn er samt sá sami og að gera sér ferð á kjörstað til að skila auðu og að velja að skila engu atkvæði í borgaralegum kosningum. Nú yrði það gert að kröfu í rafrænum atkvæðagreiðslum að hægt sé að skila auðu þannig atkvæði teljist til heildarfjölda greiddra atkvæða án þess að taka afstöðu með eða á móti. Einnig



væri í boði að sitja hjá ef fólk telur sig ekki geta eða vilja taka afstöðu en vill einnig að atkvæði þeirra hafi ekki vægi í niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

Með þessari viðbót er lagalegt skilyrði uppfyllt en líka tryggt að stuðst sé við lýðræðislegt, skilvirkт kerfi þar sem leynd er tryggð yfir atkvæði hvers og eins sem kýs að opinbera ekki afstöðu sína. Á sama tíma er sameiginlegur skilningur hugtaka tryggður. Allt er þetta meinhollt lýðræðislegum samtökum.



## 21. Grein - Dagskrá skátapings

Lagt er til að eftirfarandi setningu sé bætt við 3. mgr. 21. greinar og að lögin taki strax gildi og gildi þannig um fundargerð Skátapings 2024.

### 21. GREIN – DAGSKRÁ SKÁTAPINGS

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátapings og niðurröðun dagskrárlíða. Í upphafi Skátapings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátapings. Einnig skal kosið í 3ja manna kjörnefnd er fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og 5 manna allsherjarnefnd sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Aðeins þingfulltrúar þeirra félaga sem staðið hafa skil á gögnum og greiðslum skv. 10. grein hafa kjörgengi í nefndirnar. Ef ágreiningur er innan þingnefnda við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmanna og er ákvörðun þingnefnda endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp. Að þingi loknu skulu fundarstjórar auk allsherjarnefndar yfirfara og undirrita fundargerð frá fundarriturum. Telst hún staðfest með undirritun a.m.k. 1 fundarstjóra og 3 meðlima allsherjarnefndar.

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátapings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
- Kosning stjórnar skv. 23. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. grein

Kosning þriggja manna skoðunarnefndar skv. 27. Grein

...



## Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

## Greinagerð:

Í september 2023 hlaut Bandalag íslenskra skáta skráningu almannuheillafélags og þarf þannig að lúta [lögum nr. 110/2021](#) en í 5. mgr. 9. gr. um félagsfundi í IV. kafla þeirra laga segir.

„Fundarstjóra á félagsfundi ber að sjá til þess að ákvarðanir fundar séu færðar til bókar. Fundarstjóri og minnst tveir fundarmanna, sem félagið eða fundurinn hefur til þess valið, skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.“

Með þessari viðbót er það fest í sessi hvernig BÍS uppfyllir þessi skilyrði fyrir Skátaþing.

Talið er heppilegt að fela allsherjarnefnd þetta hlutverk. Hlutverk nefndarinnar er þegar að vinna úr og samræma álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Í nefndina er almennt tilnefnd og kjörin rökhyggið, samviskusamt og sanngjarnt fólk sem nýtur trausts innan skatareyfingarinnar.



## 26. Grein - Fastaráð BÍS

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 26. grein um fastaráð BÍS

### 26. GREIN - FASTARÁÐ BÍS

26. Grein laga BÍS fjallar um kosningu í fastaráð. Þar er tiltekið að kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert ráð en stjórn geti ákveðið að fleiri séu í kjöri. Uppstillingarnefnd hefur kosið að túnka þetta þróngt, þannig að ef stjórn ákveður ekki annað þá séu einungis þrjú sæti í boði. Það var ekki upphaflegur tilgangur lagagreinarinnar, heldur að það væri að lágmarki þrír en ef fleiri væru í framboði þá mætti kjósa alla (upp að einhverju hámarki). Þessi lagabreytingartillaga reynir að leiðréttu þetta misræmi á skilningi. Einnig leggjum við til að afnema neðri mörk á aldri fyrir fulltrúa í fastaráði og miða frekar einungis við efri mörkin.

#### Núverandi grein:

...  
Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **á aldrinum 18-25** ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmannaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmannaráð er kosið árlega Ungmennaþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði Ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmannaráðs.

#### Verður:

...  
Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **yngri en 26** ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmannaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír **en að hámarki fimm** í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmannaráð er kosið árlega Ungmennaþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði Ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmannaráðs. **Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir.**

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS



## 29. Grein – Slit BÍS

Lagt er til eftirfarandi breytingar á 29. Grein um slit BÍS.

### 26. GREIN – SLIT BÍS

Vegna skráningar BÍS sem almannahaillasamtaka var bent á að gera þyrfti betur grein í lögum um hvernig ráðstafa skuli eignum þess, komi til slita, eins og segir í athugasemd frá RSK:

„Laga þarf núverandi samþykktir og setja inn skýrara ákvæði varðandi ráðstöfun eigna við slit félagsins og í samræmi við markmið þess.“

...

#### Breyting:

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögmætu Skátabingi. Með slíkri samþykkt er störfum þess bings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátabings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvædisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

~~Ákvæði laga þessara um Skátabing skulu gilda um aukabingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukabingið ákveða hvert fjárhagslegar og éfjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.~~

Komi til slita BÍS skal ráðstafa eignum þess í samræmi við markmið og hlutverk þess, eins og getið er í 5. grein þessara laga, til annarra skátabandalaga á Íslandi, séu þau starfrækt, eða sambærilegra ungmennasamtaka.



## 21. Grein, 23. Grein, 26. Grein - Vegna ábendingar frá WOSM

Í stefnu BÍS til 2025 er kveðið á um eftifarandi:

„...fyrir lok árs 2025 sé BÍS í hópi 20% bestu bandalaga í GSAT úttektum á skátaheyfingunni í heiminum, og með 80% niðurstöðu. Rekstrarkröfum WOSM sé fullnægt á öllum sviðum.“

Vinna er þegar hafin til að reyna að uppfylla þetta markmið en WOSM hefur sent ábendingar varðandi kosningafyrirkomulag núgildandi laga. Í Governance Framework kafla **GSAT 3.0**, lið 208 stendur eftifarandi:

„The NSO has defined and implemented the following procedures regarding the election and mandate of national board members:

1. Election procedure.
2. Fixed term of office.
3. Rotation of national board members to prevent all from leaving at the same time.
4. Removal of a national board member.
5. Re-election is limited.
6. Co-optation (replacement or addition of members).“

Það er þriðji liður þessarar upptalningarár sem hér um ræðir, að koma í veg fyrir að stjórn geti öll hætt á sama tíma eða í kosningu sé hægt að kjósa nýja stjórn í einni kosningu. Skv. stöðlum WOSM er það ekki heppilegt og við viljum koma til móts við ábendingar þeirra með þessari lagabreytingu sem kveður á um að stjórn sé kosin í tvennu lagi, á sléttöluári sé kosning skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda en á oddatöluári sé kosning gjaldkera og tveggja meðstjórnenda.

Þessi breyting hefur áhrif á þrjár greinar laganna, þá 21., 23. og 26. með mismiklum breytingum þó. Dagskrá skátabings breytist við þessa breytingu sem og að hugtakið kosningaár fellur alfarið úr lögnum.

### 21. GREIN – DAGSKRÁ SKÁTABINGS

#### Núverandi grein:

...

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátabings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir



- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
- Kosning stjórnar skv. 23. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. Grein

## Verður:

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátapings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
  - Á sléttöluári:
    - Kosning stjórnar skv. 23. grein:
      - Kosning skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda
      - Kosning fastaráða skv. 26. grein
      - Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
      - Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. grein
    - Á oddatöluári:
      - Kosning stjórnar skv. 23. grein:
        - Kosning gjaldkera og tveggja meðstjórnenda
  - Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
  - Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
  - Kynningar frá skátafélögum
  - Önnur mál
  - Þingslit



## 23. GREIN – KOSNING STJÓRNAR BÍS

### Núverandi grein:

Kosning fer fram á Skátabingi á tveggja ára fresti og skal vera kosið í embætti skátaþöfðingja, gjaldkera og 5 meðstjórnenda. Sérstaklega er kosið um skátaþöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

...

### Verður

Kosning fer fram á Skátabingi og skal kosið í embætti skátaþöfðingja og briggja meðstjórnenda á sléttöluári en í embætti gjaldkera og tveggja meðstjórnenda á oddatöluári. Sérstaklega er kosið um skátaþöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

...

## 26. GREIN – FASTARÁÐ BÍS

### Núverandi grein:

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosningaára skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

...

### Verður:

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosninga skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

...

